

AUGLÝSING

82

3. júní

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við 40. gr.
lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 12 24. jan. 1949.

Við 40. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Einstefnuakstur skal vera í Aðalstræti frá Austurvegi á Silfurtorg, á Silfurgötu frá Silfurtorgi á Sundstræti og á Þvergötu frá Brunngötu á Sundstræti.
Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 3. júní 1954.

F. h. r.

Baldur Möller.

Emil Ágústsson.

REGLUGERÐ

83

4. júní

um flutning á ammoniumnitratáburði á landi og geymslu hans.

1. gr.

Ammoniumnitratáburður kallast í reglugerð þessari smákrystallað ammoniumnitrat ($\text{NH}_4 \text{NO}_3$), sem er kornað og kornin húðuð með kísiljörð eða öðrum viðeigandi ólífrænum efnum.

2. gr.

Ammoniumnitratáburð má einungis geyma og flytja í viðurkenndum umbúðum, sem eru það vel lokaðar, að ekki sé hætt á, að úr þeim sáldrist við flutninginn.

Viðurkenndar umbúðir eru:

- a. Vel lokuð gler- eða leirilát.
- b. Vel lokaðar dósir eða stáldúnkar.
- c. Vel lokaðar nýjar málmumbúðir, t. d. stáltunnur.
- d. Margfaldir kraftpappírspokar, með einu eða fleiri rakavarnarlögum. Pokarnir skulu vera vel lokaðir, svo öruggt sé að ekki sáldrist úr þeim.

3. gr.

Umbúðir þær, sem nefndar eru undir stafliðum a, b og c í 2. gr., skulu ekki vera stærri en svo, að þær rúmi meðfærilegt magn af áburði, en umbúðir þær, sem nefndar eru undir d-lið, sömu gr., mega ekki vera stærri en svo, að þær rúmi mest 50 kg.

4. gr.

Umbúðir þær, sem nefndar eru undir a og b-lið 2. gr., skulu búnar hlífðar eða ytri umbúðum, svo sem kössum úr timbri eða öðru viðeigandi efni, eða traustriðnum körfum úr tágum eða járngjörðum. Milli ytri og innri umbúða skal vera tróð úr viðeigandi ólífrænu efni, svo öruggt sé að ytri umbúðir snerti ekki þær innri. Ef innri umbúðirnar eru úr gleri eða leir og á þeim háls eða stútur, skal viðeigandi hlífðarbúnaður einnig vera um hálsinn, t. d. hetta eða hálmvaf.